

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á FÁSKRÚÐSFIRÐI

Dagsetning	21. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Þórarinn Oddsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 55,503 V13 59,789
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram 1 frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð við skráningar í rekstrarhandbók.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Fáskrúðsfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar á tæmingu olíuskilju á liðnu ári lágu ekki fyrir.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Mældar voru olíuleifar í frárennsli frá olíuskilju við mengunarvarnarþró um geyma og notað var olíupróf frá Macherey Nagel. Prófið greindi ekki olíu í frárennsli skiljunnar. Í frárennsli olíuskilju við áfyllingarplan greindist olía vel undir greiningarmörkum í efnagreiningu Rannsóknarstofu í lyfja og eiturefnafræði sem gerð var í byrjun september, og því undir þeim mörkum sem sett eru í starfsleyfi.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Þrír geymar eru í stöðinni og allir botnþykktarmældir á síðustu 10 árum. Lagnir eru á tvær bryggjur og til fiskimjolsverksmiðju og hafa allar verið þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum.

Eina lögn (750.62.00) frá MD olíugeymi að dælu þarf að þrýstiprófa á árinu.

Áfyllingarplan var skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Þrýstiprófun á olíulögnum

Frávik frá: Krafa í starfsleyfi, grein 3.2, er um að þrýstiprófa skuli neðansjávarlagnir árlega og aðrar lagnir á fimm ára fresti. Lögn 750.62.00 hefur ekki verið þrýstiprófuð á síðustu fimm árum og þarf að bæta úr því.

Athugasemdir: Skráning í rekstrarhandbók

Upplýsingar um tæmingu á olíuskilju lágu ekki fyrir þegar komið var í eftirlit.

Önnur mál: Mæling á olíu í frárennsli stöðvarinnar

Umhverfisstofnun hefur samþykkt olíupróf frá Macherey Nagel, sem mælikvarða á hvort olía sé í frárennslinu. Verði litabreytinga ekki vart, telst frárennslið hafa staðist kröfur um minna en 15 mg/kg (ppm) olíu í frárennslinu. Ef vottar fyrir litabreytingum á strimlinum skal taka sýni úr fráveitu stöðvarinnar og mæla olíuinnihald sýnisins (magnbundin greining).

Reykjavík, 20/09/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.